

Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í reiðhöllinni Víðidal 14. janúar 2020 klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Íva Rut Viðarsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson, Þórunn Eggertsdóttir og Einar Gíslason.

1. Terra einingar – Dómgámur

Kynnt er tilboð frá Terra einingum um kaup á gámi við Hvammsvöll. Formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri hittu forsvarsmann Hafnarbakka á fundi og tekin var ákvörðun um að ganga að því tilboði.

2. Lántaka og veðsetning til handa Íslandsbanka til endurfjármögnunar hestamannafélagsins Fáks

Lögð er fyrir stjórn drög að stjórnarsamþykkt vegna lántöku til endurfjármögnunar. Sjá viðauka með fundargerð.

Fundi slitið 18:00

Fundargerð ritaði Einar Gíslason

Viðauki 1

Efni: Lántaka og veðsetning til handa Íslandsbanka til endurfjármögnunar hestamannafélagsins Fáks

Stjórn hestamannafélagsins Fáks samþykkir að taka lán hjá Íslandsbanka upp á kr. 31.000.000 til endurfjármögnunar eldra láns sem tekið var yfir við kaup á Brekknaás 9 og til uppgreiðslu hluta af þeim kröfum á hendur félaginu sem eftir standa frá Landsmóti 2018 sem félagið hélt á félagssvæði sínu.

Lánið er til 20 ára og er með breytilegum vöxtum, nú 7,4% en eldra lán var með breytilegum vöxtum, nú 7,9% og er því endurfjármagnað lán með hagstæðari kjörum en það sem fyrir er. Lánið er uppgreiðanlegt fyrir gjalddaga án kostnaðar.

Mánaðarlegar afborganir auk vaxta af láni því sem til stendur að endurfjármagna eru um 260þ á mánuði en verða rúmar 300þ krónur á mánuði og hefur hækkunin óveruleg áhrif á greiðslustreymi félagsins eða um 600 þúsund kr. á ársgrundvelli.

Íslandsbanki er nú þegar með veð í Brekknaási 9 fyrir því láni sem verður endurfjármagnað með þessari nýju lántöku. Endurfjármagnað lán Íslandsbanka verður með veði í félagsheimili félagsins að Vatnsveituvegi og mun veð í Brekknaási 9 falla niður við uppgreiðslu yfirtekis láns. Ekki reyndist unnt að klára viðskipti við Reykjavíkurborg vegna Brekknaáss 9 með þá veðsetningu sem fyrir var, þar sem ekki var hægt að þinglýsa afsali til Reykjavíkurborgar fyrir 50% þann sem borgin keypti af Fáki með fyrrgreint veð á eigninni. Í framhaldinu verður hægt að ljúka þinglýsingu afsals vegna þeirra viðskipta.

Gert er ráð fyrir að láninu verði ráðstafað með eftirfarandi hætti. Er fyrirvari um endanlegar fjárhæðir þar sem vonast er til að félagið nái samningum um lækkun dráttarvaxta við uppgjör:

Útborguð fjárhæð láns	30.685.500
Eftirstöðvar láns - uppgreitt	<u>20.900.000</u>
Til ráðstöfunar	9.785.500
Uppgert frá Landsmóti	
Sunnuhvoll	620.589
Kambur	848.458
Hefilverk	1.452.934
Tengill	2.358.516
Terra einingar	1.200.000 800.000
Rafmiðlun	3.305.003 3.705.003

Reykjavík, 3 febrúar 2020
Stjórn hestamannafélagsins Fáks

Sigrún Bergsdóttir
Þórunn Eggertsdóttir
Ólafur Steinarsson
Jón Víðarsson
Sigrún Bergsdóttir